



Umboðsmaður Alþingis
Tryggvi Gunnarsson
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 5. janúar 2021
Tilv.: FRN20050099/20.10.14

Efni: Viðbrögð félagsmálaráðuneytisins við ábendingum og tilmælum umboðsmanns Alþingis sem fram koma í skýrslu vegna heimsóknar á Stuðla á grundvelli OPCAT eftirlits

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 14. maí 2020, þar sem er óskað eftir því að félags- og barnamálaráðherra geri grein fyrir viðbrögðum sínum við ábendingum og tilmælum sem heyra undir málefnasvið félagsmálaráðuneytisins og fjallað er um í skýrslu um heimsókn umboðsmanns á Stuðla, meðferðastöð ríkisins fyrir unglinga, á grundvelli OPCAT eftirlits.

Áður en fjallað er um viðbrögð við skýrslunni er rétt að taka fram að frá árinu 2018 hefur innan félagsmálaráðuneytisins, í umfangsmiklu samráði við hagsmunaaðila og með framlagi frá stýrihópi Stjórnarráðs Íslands í málefnum barna, þingmannanefnd um málefni barna og Samband íslenskra sveitarfélaga, verið unnið að viðtækum umbótum í þjónustu við börn hér á landi. Félagsmálaráðuneytið hefur allt frá þeim tíma unnið að breytingum á löggjöf sem hefur m.a. að markmiði að bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Afurð þeirrar vinnu eru þrjú frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu og frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, sem eru nú til meðferðar á Alþingi.

Í félagsmálaráðuneytinu hefur jafnframt verið unnið að endurskoðun á barnaverndarlögum nr. 80/2002, hér eftir bvl. Frá upphafi árs 2020 og hefur félagsmálaráðuneytið notið aðstoðar sérfræðinga við hana, þ.m.t. Hrefnu Friðriksdóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Tómasar Hrafn Sveinssonar, formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Heiðu Bjargar Pálmadóttur, forstjóra Barnaverndarstofu. Þá skipaði félags- og barnamálaráðherra starfshóp til að fjalla sérstaklega um skipulag barnaverndarþjónustu innan sveitarfélaga, með fulltrúum ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu sem skilaði niðurstöðu til ráðherra í nóvember 2020.

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum eru ekki fullbúin en stefnt er að því að þau verði kynnt almenningi í opnu samráði í janúar 2021. Er því ekki unnt á þessu stigi að gera ítarlega grein fyrir efnisatriðum frumvarpsins. Þó er rétt að taka fram að heimsóknarskýrsla umboðsmanns Alþingis hefur verið mikilvægt innlegg í vinnu við frumvarpið og stefnt að því að í frumvarpinu, verði það samþykkt á Alþingi, verði komið til móts við allar ábendingar sem koma fram í heimsóknarskýrslunni og lúta að lagaumhverfi í barnavernd.

Verður þá vikið að einstökum ábendingum í skýrslu umboðsmanns Alþingis.

Í 6. kafla eru settar fram ábendingar og tilmæli til ráðherra að setja reglugerð um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana á ábyrgð ríkisins, sbr. 4. mgr. 79. gr. bvl. Auk þess að setja reglugerð um framkvæmd vistunnar, sbr. 2. mgr. 80. gr. bvl. og endurskoða eða setja nýja reglugerð í stað reglugerðar nr. 271/1995 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Þáttur í vinnu við endurskoðun á barnaverndarlögum, eins og rakið hefur verið hér að framan, er að yfirfara 79. og 80. gr. bvl. Var því ákveðið að leggja áherslu á vinnu við endurskoðun laganna frekar en að setja reglugerðir á grundvelli gildandi laga. Umfjöllun í skýrslu umboðsmanns Alþingis hefur verið mikilvægt innlegg í þá vinnu.

Líkt og fram kemur í 6. kafla heimsóknarskýrslunnar þá gaf félags- og barnamálaráðherra út þau tilmæli á þeim tíma er skýrslan var í vinnslu að engu barni skyldi vísað frá neyðarvistun Stuðla og hafa nú þegar verið stigin ákveðin skref til þess að Stuðlar hafi pláss til þess að sinna þeim ungmennum sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Áfram er unnið að því í samvinnu við Barnaverndarstofu að næg rými séu á Stuðlum til þess að taka á móti ungmennum í úrræðið og unnið að uppbyggingu fleiri og fjölbreyttari úrræða í samstarfi við Barnaverndarstofu.

Í 7. kafla heimsóknarskýrslunnar er fjallað um þvingunarráðstafanir, alvarleg agaviðurlög og takmarkanir á frelsi og friðhelgi barna. Í kaflanum eru rakin lagaleg álitæfni sem að þessu lítur, m.a. að meginregla 82. gr. bvl. feli í sér viðtækt mat auk þess að skorti á reglugerð á grundvelli ákvæðisins. Félagsmálaráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis um að mikilvægt sé að löggjafinn taki skýrari afstöðu til heimilda til að beita þvingunum og takmarka réttindi barna á stofnunum og heimilum þar sem þau vistast og að viðmið þess efnis séu sett fram með skýrum hætti í lögum. Í frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum, sem fyrirhugað er að leggja fram á þessu löggjafarþingi, verða lagðar til breytingar á 82. gr. barnaverndarlaga sem taka mið af þeim ábendingum sem koma fram í skýrslunni.

Í 11. kafla heimsóknarskýrslunnar er fjallað um heilbrigðisþjónustu sem börn sem eru vistuð á neyðarvistun á Stuðlum, líkt og börn almennt, eiga rétt á. Af hálfu félagsmálaráðuneytisins er tekið undir þá staðhæfingu sem kemur fram í skýrslunni að skortur á viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp barna getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir líf þeirra og heilsu. Á undanförunum árum hefur farið fram margvísleg vinna innan heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins til að tryggja betra samstarf og samþættingu heilbrigðisþjónustu við önnur félagsleg úrræði, þ.m.t. barnverndarþjónustu, fyrir börn sem glíma við bráðan neyslu- og fíknivanda. Í tengslum við og í kjölfar heimsóknar umboðsmanns Alþingis var bætt í þessa vinnu og hefur staðið yfir virkt samtál milli félagsmála- og heilbrigðisráðuneytisins og stofnana ráðuneytanna um úrbætur fyrir þennan hóp. Meðal annars tók félagsmálaráðuneytið þátt í starfshópi sem heilbrigðisráðherra skipaði 11. júní 2020 um lagaramma varðandi bætta þjónustu við börn sem glíma við neyslu- og fíknivanda en starfshópurinn hefur þegar skilað tillögum um umbætur til ráðherra.


Jákvæð skref hafa því verið tekin í átt að því að tryggja fullnægjandi umgjörð utan um viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir þann hóp barna sem er vistaður í neyðarvistun á Stuðlum. Að mati félagsmálaráðuneytisins hefur umfjöllun umboðsmanns Alþingis um þetta efni leitt til aukinnar umræðu og meðvitundar um mikilvægi samvinnu stofnana félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins til að tryggja þessa heilbrigðisþjónustu. Að mati ráðuneytisins er þó enn þörf á að styrkja lagaumhverfi utan um þá þjónustu og er fagnað þeirri vinnu sem hefur verið boðuð innan heilbrigðisráðuneytisins til styrkja lagaumhverfi utan um innlagnir barna á heilbrigðisstofnanir gegn vilja þeirra. Félagsmálaráðuneytið mun áfram taka þátt í samstarfi og samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og stofnanir þess til að stuðla að frekari umbótum í þessum málaflokki.

Í 13. kafla heimsóknarskýrslunnar er fjallað um eftirlit og rétt barna til að fá athafnir og ákvarðanir endurskoðaðar. Er þar tekið fram að kveða þurfi á um það með skýrum hætti hvaða stjórnvald taki ákvarðanir um vistun barna á heimilum og stofnunum á vegum ríkisins auk þess að skýra kæruleiðir. Vegna þeirra athugasemda má taka fram að nú stendur yfir heildstæð endurskoðun á

stofnanauppbyggingu á málefnasviði félagsmálaráðuneytisins. Meðal markmiða þeirrar endurskoðunar er skýra verkefni stofnana, valdmörk þeirra og samræma uppbyggingu stjórnsýslu velferðarmála, þ.m.t. barnaverndar, við almennar reglur stjórnsýsluréttarins. Í þessum breytingum felst meðal annars að ný stofnun Barna- og fjölskyldustofa, mun taka yfir meginhluta þeirra verkefna sem nú er sinnt af Barnaverndarstofu, þ.m.t. yfirstjórn Stuðla. Eftirlitsverkefni sem nú eru hjá Barnaverndarstofu og Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar verða færð til nýrrar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála sem mun m.a. fá það verkefni að taka við kvörtunum yfir gæðum þjónustu í barnavernd. Megindrættir þessara breytinga koma fram í frumvörpum til laga um Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem eru til meðferðar hjá Alþingi. Jafnframt eru í undirbúningi frekari breytingar, þ.m.t. á umgjörð kærueimilda vegna ákvarðana Barnaverndarstofu, í tengslum við endurskoðun á lögum um barnavernd.

Eins og að framan greinir hefur heimsóknarskýrsla umboðsmanns Alþingis verið mikilvægt innlegg í þá vinnu sem stendur nú yfir í félagsmálaráðuneytinu við endurskoðun barnaverndarlaga. Sé þess óskað getur félagsmálaráðuneytið veitt umboðsmanni Alþingis frekari upplýsingar um framvindu vinnunnar.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra



Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir
settur skrifstofustjóri



Anna Tryggvadóttir